

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/2119
komudagur 7.5.2012

Ásdís Thoroddsen,
Bergstaðastræti 28 A,
101 Reykjavík.

Varðandi Þingskjal 1165 – 727. Mál
Tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Sent á: nefndasvid@althingi.is

Heil og sæl.

Sem borgari þessa lands, náttúruunnandi, leiðsögumaður og kvikmyndagerðarmaður sendi ég umsögn um ofangreinda tillögu til þingsályktunar um vernd og orkunýtingu landsvæða. Margt gott er um þessa tillögu að segja. En í þessu skjali geri ég aðeins athugasemdir við það sem mér finnst óhyggilegt.

Reykjanesskaginn.

Fyrst blasir við úr tillögu þessari að gera eigi Reykjanesskagann að orkunýtingar- og masturssvæði. Mæli ég gegn því bráðræði. Mælist ég til þess að svæðin Sveifluháls vestan Krísuvíkur, Sandfell sunnan Keilis, Stóra-Sandvík og Eldvörp verði færð í biðflokk.

Lífsgæði og útivist.

Enn hefur ekki fundist ráð til að losna við skaðleg áhrif útblásturs hveragufunar á mosa og annað lifandi; ekki hefur fundist annað ráð til að losna við vatnið sem upp kemur úr jarðdjúpum með geislavirknum ögnum, nema að dæla því aftur niður og hefur sú dæling valdið jarðskjálftum (í tilfelli Hellisheiðavirkjana til ama Hvergerðingum). Þá hafa málsmetandi vísindamenn enn og aftur bent á það að lítið er vitað um hvaða áhrif nýting jarðvarma hefur á háhitasvæðin og hvatt til að slíkt gerist varlega en ekki í óðagoti græðgi og stundarhagsmuna. Þegar hefur 9 af 19 sýnilegum háhitasvæðum verið raskað með nýtingu eða rannsóknaborunum. Þetta skiptir mig máli sem íbúa þessa lands.

Mitt helsta tólmstundagaman er að ganga í náttúrunni. Þar er ég ein af mörgum, en ástundun útivistar hefur aukist gífurlega á síðasta áratug, almenningi til heilsubótar og ánægju. Um aukningu þessa ber saman þeim sem stunda leiðangursstjórn fyrir Íslendinga hjá Ferðafélögum, en einnig hafa verið nefndar tölur úr gestabókum sem finna má á fjallstoppum í grennd við Reykjavík. Reykjanesskaginn er óþrjótandi „rannsóknarefni“ í þessum gönguferðum, villt náttúra við anddyri höfuðborgarinnar.

Lítið hefur verið sinnt um fornleifaskráningu á Reykjanesi en það er mjög skemmtilegt að fylgjast með og ganga í fótspor þeirra áhugamanna sem því verki sinna án endurgjalds. Má ég benda á ágæta vefsíðu www.ferlir.is þar sem samankemur mikill fróðleikur um sögu svæðisins og náttúru. Ég á bágð til þess að hugsa að þessum fólksvangi verði fórn að fyrir niðurgreiddan stóriðnað.

Ferðamennska.

Ekki aðeins Reykvíkingar hafa aukið komur sínar á Reykjanesskagann heldur halda þangað fjölmargir erlendir ferðamenn. Nærri helmingur þeirra sem heimsóttu Ísland á síðasta ári (46,6%), gerðu sér ferð á Reykjanesið. Þetta er samkvæmt nýjum upplýsingum Ferðamálastofu um ferðaþjónustuna á Íslandi. Vafalaust hafa margar þessara heimsókna verið einstaklingsheimsóknir, en skipulagðar ferðir eru farnar þangað einnig. Þá bendi ég sérstaklega á „skipaferðirnar” en þá er keyrt um Reykjanesskagann og komið við í Seltúni og út á Reykjanestá meðal annarra staða. Þá er Gunnuhver vinsæll áningastaður. Í slíkum ferðum hef ég sinnt starfi leiðsögumans hjá Atlantica sem þjónustar skipaferðir. Þá hef ég einnig farið þarna um með þýska hópa á vegum Ferðaskrifstofu Harðar Erlingssonar (Erlingsson Naturrreisen).

Það sem útlendingar vilja öðlast með heimsóknum sínum til landsins er náttúran óspillt og saga og menning þjóðarinnar. Það væri ófagur „sýningargluggi” í næsta nágrenni Reykjavíkur þegar búið væri að reisa þær óvistvænu orkustöðvar sem fyrirhugaðar eru með tilheyrandi masturslínunum og stóriðju við endapunkt.

Kvikmyndagerð.

Á síðasta áratug hefur komum erlendra fyrirtækja í kvikmyndagerð fjölgað hingað til lands. Notuð eru víðerni landsins sem „kúlissa” fyrir sögurnar sem segja á. Slíkar heimsóknir eru mikill akkur Íslendingum; einstaklingum hvað varðar atvinnu, sveitarfélögum sem eru í næsta nágrenni sem og ríkiskassanum sjálfum, en mikið er skilið eftir af fjármagni fyrir þjónustuna. Nú í sumar eru áætlaðar einar fjórar slíkar heimsóknir til landsins. Ég man eftir þremur slíkum á Reykjanesskagann og vann ég við tvær þeirra. Eflaust hafa þær verið fleiri.

No Such Thing eftir Hal Hartley, 2001.

The Flag of Our Fathers eftir Clint Eastwood 2006

Bæverska sjónvarpið 2008 (Áramótapáttur fjölskylduseríu).

Verði möstur reist og orkustöðvar reist er ekki hægt að gera ráð fyrir þessari friðsamlegu og arðvænlegu náttúrunýtingu sem kvikmyndagerðin er.

Bjarnarflag.

Mývatn er einstakt í heiminum. Þar búa flestar andategundir saman komnar á einu svæði, þar er hinn merkilega þörung kúluskít að finna, en aðeins í einu öðru vatni í heiminum finnst hann, en það er í Japan. Þá er jarðfræði Mývatn óþrjótandi fræðsluefni. Boranir í Bjarnarflagi setja þessa náttúru í mikla hættu. Vatnið sem frá þessum borunum í Bjarnarflagi berst, sikrar í gegnum gljúpt bergið og út í vatnið. Í affallsvatni sem komið er úr djúpborunum eru margs kyns óhollar agnir og efnasambönd að finna. Miklu heldur en að halda áfram borunum í Bjarnarflagi ætti að styrkja og vernda náttúru svæðisins svo að sem flestir getið notið hennar. Ég legg til að Bjarnarflag verði sett í verndarflokk.

Jökulsár í Skagafirði.

Ferðaþjónustan í Skagafirði hefur verið snar þáttur í þeim ferðum sem ég hef farið sem leiðsögumaður. Hvort sem um er að ræða fjallgöngu upp á Mælifellstind svo sér yfir allt héraðið, gönguferð inn Austurdal að Ábæ, eða bátsferðir niður flúðir Vestari-

eða, fyrir vana, Austari-Jökulsár Skagafjarðar. Þær flúðasiglingar eru merkileg innsýn og falleg í jarðsögu svæðisins sem blasir við í gljúfrunum fyrir utan spennuna í siglingunni sjálfri.

Ferðir um Skagafjörðinn hef ég margsinnis farið með hópa, first á vegum Safari Iceland, síðar Destination Iceland, svo nú síðustu tæpa tvo áratugi fyrir Ferðaskrifstofu Harðar Erlingssonar (Erlingsson Naturreisen). Mælist ég til að Austari og Vestari Jökulsár Skagafjarðar verði settar úr biðflokk í verndarflokk svo að Skagafjarðarhérað haldi ásýnd sinni.

Vatnasvið Hólmsár og Skaftár.

Ég leyfi mér að kalla þessi svæði helstu perlor íslenskrar náttúru. Praktísk not af svæðinu er þó nokkur þó þau séu illfær þeim sem ekki eru vel gangandi, ríðandi eða akandi. En gönguferðir eru skipulagðar inn á þessi svæði fyrir ferðamenn erlenda og íslenska. eru þær grundvöllur nokkurra ferðafyrirtækja hér á landi til dæmis Ferðakompanísins, Fjallaleiðsögumanna og Fjallabaks fyrir útlendinga. Þá má nefna Ferðafélag Íslands og Útivist sem fara þarna um bæði með Íslendinga og útlendinga. Svo eru hestaferðir farnar um þessi svæði og sinna sunnlenskir bændur þeim fyrir stærri ferðafyrirtæki. Helst eru það útlendingar sem bóka sig í þær.

Vatnasvið Hólmsár og Skaftár eru einstök að náttúrufegurð sem fólk fær hlutdeild í með ferðaþjónustu. Mælist ég til þess að þau verði færð úr biðflokki í verndarflokk um aldur og ævi.

Skjálfafljót

Til verndar Aldeyjarfossi einum fegursta fossi Íslands fer ég fram á að Skjálfafljót verði sett úr biðflokk í verndarflokk. Hef ég ekki um það fleiri orð.

Neðri hluti Þjórsár.

Enn hafa engar aðferðir verið þróaðar til að vernda laxaseiði gegn hnjaski sem af mannvirkjum hlýst. Margaret Filardo PH.D sýndi fram á það í erindi um Columbia-ána sem hún hélt í Háskólabíói. Laxastigar gagnast aðeins fiskum af vissri stærð sem eru á ferð upp ána, en ekki þeim seiðum og smáfiski sem leita niður ána. Svo að villti laxastofninn í Þjórsá verði verndaður mælist ég til að neðri hluti Þjórsár verði færður úr biðflokk yfir í verndarflokk.

En sjálf er ég aðeins hagsmunaaðili að nýtingu árinna sem leiðsögumaður sem hagnast á því að sýna náttúrufegurð. Það er ósk mín að hlutar af grænum sveitum Suðurlands verði ekki kaffærðir í jökulvatni. Ásýnd landsins myndi mjög breytast og til vansa. Einnig væri illt ef Urriðafoss yrði tekinn af, en þar er áð á öllum ferðum mínum með erlenda ferðamenn um Suðurland.

Virðingarfyllst,

Ásdís Thoroddsen.